



April 2023

# Nýtt húsnæði Tækkniskólans Tillögur verkefnisstjórnar

Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og barnamálaráðuneytið



**Útgefandi:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

Nýtt húsnæði Tækkniskólans

Apríl 2023

mrn@mrn.is

mrn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Mennta- og barnamálaráðuneytið

©2023 Mennta- og barnamálaráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>Útdráttur.....</b>	<b>4</b>
<b>1. Bakgrunnur .....</b>	<b>6</b>
<b>2. Áherslur stjórnvalda í starfsmenntamálum.....</b>	<b>7</b>
<b>3. Áhrif á heildarframboð náms í Hafnarfirði og möguleg sameining Flensborgar og Tækniskólans.....</b>	<b>8</b>
<b>4. Niðurstaða og tillögur verkefnisstjórnar .....</b>	<b>10</b>
Tillögur verkefnisstjórnar .....	10
Byggt verði 24.000–30.000 m <sup>2</sup> skólahúsnæði fyrir 2.400–3.000 nemendur við Flensborgarhöfn .....	10
Skýrsla EFLU og KPMG verður lögð til grundvallar við verkefnið .....	10
Byggingin verður á vegum nýs félags Tækniskólans sem fjármagnar verkefnið.....	10
Gerð verði fýsileikakönnun á hagkvæmni þess að sameina Tækniskólann og Flensborgarskóla.....	10
Næstu skref í þróun verkefnisins.....	10
Tækniskólinn stofni félag um byggingu skólans.....	10
Ráðherra setji á fót verkefnahóp til að kanna fýsileika sameiningar .....	11
Tækniskólinn hefur viðræður við stjórvöld vegna samnings um verkefnið.....	11
Félagið gerir samninga við Hafnarfjarðarbæ vegna verkefnisins.....	11
Félagið hefji viðræður við mögulega lánveitendur um fjármögnun verkefnisins .....	11
Félagið semur við eigendur Tækniskólans um eiginfjárfamlög til verkefnisins .....	11

# Útdráttur

Mennta- og menningarmálaráðherra skipaði verkefnisstjórn um framtíðarhúsnæði Tækkniskólans sbr. viljayfirlýsingum sem undirrituð var 7. júlí 2021 á milli mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, Hafnarfjarðarbæjar og Tækkniskólans um samstarf um framtíðarhúsnæði fyrir Tækkniskólann á lóð Hafnarfjarðarbæjar.

Í skipunarbréfi verkefnisstjórnar dagsettu 6. september 2022 er hlutverk verkefnisstjórnarinnar þannig skilgreint:

„Mennta- og barnamálaráðherra skipar yður hér með í verkefnisstjórn um framtíðarhúsnæði Tækkniskólans, sbr. viljayfirlýsingum sem undirrituð var þann 7. júlí 2021 af mennta- og menningarmálaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra, bæjarstjóra Hafnarfjarðar og formanni stjórnar Tækkniskólans. Hlutverk verkefnisstjórnarinnar er m.a. að leiða fram niðurstöðu um fjármögnun og eignarhald húsnæðis Tækkniskólans.

Verkefnisstjórnin skoði leiðir til fjármögnumunar verkefnisins og hvernig eignarhaldi á framtíðarhúsnæði skólans verði háttar m.a. út frá rekstrarfyrirkomulagi á skólanum. Kostnaðaráætlanir skulu yfirfarnar og skal verkefnisstjórnin móta framtíðarsýn um verkefnið í samhengi við stefnu og áherslu mennta- og barnamálaráðuneytis í starfsmenntun á Íslandi. Verkefnisstjórnin skal hafa til hliðsjónar þá þarfagreiningu sem Tækkniskólinn hefur þegar látið vinna.“

Verkefnisstjórnin er þannig skipuð:

Águst Bjarni Garðarsson án tilnefningar, formaður

Hrafnkell Tumi Kolbeinsson án tilnefningar, MRN

Egill Jónsson tilnefndur af Tækkniskólanum

Jón B. Stefánsson tilnefndur af Tækkniskólanum

Henný Gunnarsdóttir Hinz tilnefnd af forsætisráðuneyti

Guðmundur Axel Hansen tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneyti

Rósa Guðbjartsdóttir tilnefnd af Hafnarfjarðarbæ

Gylfi Arnbjörnsson án tilnefningar, MRN

Verkefnisstjórnin tók þegar til starfa og var fyrsti fundur verkefnisstjórnarinnar haldinn 23. september 2022. Verkefnisstjórnin fundaði 6 sinnum. Ljóst var að tímarammi verkefnisins var of naumur og var skilatími verkefnisstjórnar framlengdur til upphafs árs 2023.

Lögð var fram skýrsla EFLU og KPMG „Húsnæðismál valkostagreining útgáfa 2 – vor 2021“ sem unnin var af EFLU og KPMG fyrir Tækkniskólann.

Einnig voru lögð fram drög að skýrslu EFLU og KPMG „Tækni-skólinn í nýju húsnæði í Hafnarfirði“ ásamt rýni Jóns Viðars Guðjónssonar, byggingatæknifræðings sem starfaði fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið. Skýrslan hefur verið uppfærð með tilliti til þeirra athugasemda sem fram komu í rýni Jóns Viðars auk annarra ábendinga og athugasemda sem fram komu í umfjöllun verkefnistjórnarinnar.

Verkefnisstjórnin boðaði til sín og fundaði með fulltrúum EFLU og KPMG og skólameistara Tækni-skólangs eftir þörfum. Á fjórða fundi sínum þann 21. október ákvað verkefnisstjórnin að fresta fundum nefndarinnar og vinna í tveimur smærri hópum. Annars vegar hópur sem skoðaði fjármögnun verkefnisins og eignarhald og í þeim hópi var fulltrúi mennta- og barnamálráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, KPMG og Tækni-skólangs. Hins vegar hópur sem skoðaði kostnaðaráætlunar, stærð og skipulag byggingarinnar en í þeim hópi var fulltrúi EFLU, Harry Abels & Partners og Tækni-skólangs.

Hóparnir funduðu vikulega út árið 2022 og í upphafi árs 2023 bæði hvor fyrir og sameiginlega.

Sameiginleg niðurstaða og tillögur hópanna voru lagðar fyrir verkefnisstjórnina á fundi hennar. Tillögur verkefnahópanna gera ráð fyrir að byggður verði 24.000–30.000 m<sup>2</sup> skóli fyrir 2.400–3.000 ársnemendur í Hafnarfirði á lóð sem Hafnarfjarðarbær afhendir til skólangs. Stofnkostnaður nýbyggingar er áætlaður allt að 27,0 ma.kr. með vsk. á verðlagi í janúar 2023. Fjármögnun byggingar muni samanstanda af 80% láni og 20% eiginfjárframlagi sem kemur annars vegar frá Hafnarfjarðarbæ sem nú er áætlað 4,1 ma.kr. Hins vegar leggi eigendur fram 1–1,5 ma.kr. í eigið fé. Byggt á þessum forsendum og til að gera skólanum kleift að lánsfjármagna framkvæmdirnar, er við það miðað að skólanum verði heimilt að veðsetja húsnæðisframlag skv. rekstrarsamningi. Jafnframt verði við það miðað að ef Alþingi ákveður að fella niður fjárveitingar til skólangs og rekstrarsamningur ekki framlengdur muni ríkið yfirtaka skuldir og eignir fasteignafélagsins.

Rætt hefur verið við fulltrúa sjávarútvegs og iðnaðar í byggingarnefnd nýs Tækni-skóla og framkvæmdastjóra Samtaka lónaðarins. Fram hefur komið mikill vilji til að afla fjárframlaga til nýs Tækni-skóla og telja þessir aðilar raunhæft að ráðast í fjáröflun með milligöngu SI með það að markmiði að afla 1–1,5 ma.kr. í framlög til skólangs.

# 1. Bakgrunnur

Tækniþáskólinn varð til með sameiningum skóla, fyrst sameiningu Vélskóla Íslands og Stýrimannaskólans í Reykjavík í Fjöltækniþáskóla Íslands. Fjöltækniþáskólinn og Iðnskólinn í Reykjavík voru sameinaðir árið 2008 og á þeim tímapunkti var nafni skólans breytt í Tækniþáskólanum. Á árinu 2015 sameinaðist síðan Iðnskólinn í Hafnarfirði Tækniþáskólanum. Tækniþáskólinn er nú stærsti framhaldsskóli landsins.

Tækniþáskólinn er leiðandi afl í tækni- og starfsmenntun á Íslandi og sækja yfir 2.000 nemendur skólann í dagskóla á hverju ári auk hátt í 1.000 nemenda í dreif- og fjarnámi. Meginmarkmið Tækniþáskólans, skóla atvinnulífsins, er að veita nemendum menntun sem samtímis er sniðin að þörfum nemenda og atvinnulífs, auðgar líf einstaklinganna og eflir samfélagið. Það er stefna skólans að vera ávallt í fararbroddi í þróun námsbrauta, kennsluháttu og notkun upplýsingatækni í kennslu.

Húsnæði Tækniþáskólans er almennt komið til ára sinna og flest húsanna hönnuð miðað við þarfir síns tíma. Miklar breytingar hafa orðið á þróun tækni og starfsháttu ekki síst í greinum sem lúta að starfsnámi og hefur verið erfitt að fylgja þróun þess með breytingum á núverandi húsnæði vegna byggingaforms og hönnunar. Þá er skólinn í átta byggingum sem eru dreifðar um höfuðborgarsvæðið með tilheyrandi óhagræði.

Forsvarsmenn skólans hafa á undanförnum árum kynnt sér strauma og stefnur í nýlegum tækniþáskólu erlendis. Þeir skólar sem hafa verið heimsóttir eiga það meðal annars sameiginlegt að hafa eins konar breiðgötu sem er í senn umferðarás, þjónustugata og samskiptarými. Skólastræti er eins og umferðarleið í verslunarmiðstöð þar sem hátt er til lofts og vítt til veggja og dagsbirtan flæðir inn. Skólastrætið tengir því saman mismunandi „skóla“ eða hluta skólans, sem og að tengja skólastarfið við hverfið og nærsamfélagið.

Það er stefna forsvarsmanna skólans að nýbyggingin verði vistvæn bygging og vottuð sem slík með kerfi sem hvetur til sjálfbærrar byggingarhönnunar og vistvænnar stjórnunar á verk- og rekstrartíma. Vistvæn bygging ásamt innviðatengdum þáttum eins og samgöngum, getur verið eitt af framlögum Tækniþáskólans til að Ísland nái skuldbindingum sínum í takt við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 2016–2030.

## 2. Áherslur stjórnvalda í starfsmenntamálum

Í sáttmála ríkisstjórnarinnar 2021 var ákveðið að efla iðnnám og verk- og starfsnám í þágu fjölbreytni og öflugra samfélags.

Í kaflanum „Við ætlum að fjárfesta í fólk“ í sáttmálanum segir:

„Tækknibreytingar kalla á nýja færni fólks til að starfa í flóknu samfélagi og þáttur sí- og endurmenntunar verður enn mikilvægari. Áfram verður unnið að eflingu iðn- og verknáms um land allt og áhersla lögð á að fjölga fólk með tækni- og raungreinamenntun. Hvatt verður til meiri fjölbreytni í skólakerfinu, meðal annars í alþjóðlegu námi. Ýta þarf undir frumkvöðlamenningu í skónum og í þeim tilgangi þarf að efla stuðning við skólastjórnendur og kennara og auka sjálfstæði þeirra í starfi. Huga þarf að eflingu íslenskukennslu fyrir alla kennaranema í takt við breyttar aðstæður í samfélaginu.“

Í kaflanum um „Aðgerðir í menntamálum“ segir:

- „Áfram verður unnið að eflingu starfs- og tæknináms og fjölgun raun- og tæknigreinamenntaðra.
- Byggðar verða nýjar höfuðstöðvar fyrir Tækkniskólann í Hafnarfirði og unnið að eflingu iðn- og verknáms um land allt.“

Á undanförnum árum hefur staða starfsnáms og að þörf sé á úrbótum stöðugt verið í umræðunni og allir verið sammála um að nauðsynlegt sé að grípa til markvissra aðgerða. Ekki þarf að fara langt aftur til að rifja upp skýrslur um starfsmenntamál, umræður um nauðsynlegar aðgerðir til umbóta í starfsmenntamálum og nauðsyn þess að styrkja stoðir þess. Mennta- og barnamálaráðherra hefur lagt mikla áherslu á að efla starfsnám og fjölgum nemendum í starfsnámi, bæði nemendum sem koma beint úr grunnskóla og eins þeim sem eldri eru.

### 3. Áhrif á heildarframboð náms í Hafnarfirði og möguleg sameining Flensborgar og Tækniskólans

Fulltrúi mennta- og barnamálaráðuneytis kynnti hugmynd að sameiningu Flensborgarskóla og Tækniskólans í vinnu tveggja starfshópa verkefnisstjórnar. Eftirfarandi atriði eru lögð til grundvallar í matinu:

- Aukin aðsókn í starfsnám mun leiða til fækkunar nemenda í bóknámsskólum. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og áherslu á aukinn fjölda nemenda í starfs-, iðn- og tækninámi má gera ráð fyrir að nemendum í hefðbundnu bóknámi fækki um 2.500 á næstu 10 árum á meðan starfsnámsnemendum fjölgj um 1.500–1.800.
- Ljóst er að Flensborgarskóli mun ekki fara varhluta af fyrirsjáanlegri fækkun bóknámsnema og staðsetning Tækniskólans nálægt skólanum er líkleg til að auka á þann vanda. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur lagt frummat á hagkvæmni þess að sameina Flensborgarskóla og Tækniskólann.
- Með sameiningu Flensborgarskóla og Tækniskólans yrðu ársnemendur um 3.000, en samkvæmt nágildandi fjárlögum (2023) eru ársnemendur hjá Tækniskólum 2.400 en 610 í Flensburg.
- Til að rúma sameinaðan skóla á einum stað yrði byggð 30.000 m<sup>2</sup> skólabygging við Flensborgarhöfn fyrir allt það fjölbreytta nám sem skólarnir bjóða upp á og núverandi húsnæði Flensborgar fundin önnur afnot.
- Með þessum hætti yrði staðið með öflugum hætti að auknu framboði framhaldsskólanáms í Hafnarfirði og á höfuðborgarsvæðinu, þar sem líkleg fækkun bóknámsnema leiði þá ekki til aukins óhagræðis í rekstri heldur samtvinnist bóklegu námi Tækniskólans.
- Umtalsverð hagræðing hlytist af sameiningunni og má reikna með að hún komi fljótt fram að einhverju leyti og náist að fullu þegar nýtt húsnæði Tækniskólans Flensborgar verður tekið í notkun.
- Með slíkri sameiningu yrði stærsti starfs-, iðn-, tækní- og bóknámsskóli landsins með gríðarlega fjölbreyttu námsframboði sem mætir þörfum framtíðarinnar.
- Gera má ráð fyrir því að einhver hluti nemenda sem í dag velur sér nám við Flensborgarskóla muni velja sér annað nám við sameinaðan skóla í

Hafnafirði og þannig má gera ráð fyrir að nemum í starfs-, iðn- og tækninámi muni fjölgja í sameinuðum skóla.

- Komi slík sameining til álita er lagt til að hún verði gerð þegar á þessu ári til að tryggja að starfsmenn beggja skóla komi að undirbúningi og þróun nýja skólans.

Nauðsynlegt er að mennta- og barnamálaráðherra leggi ítarlegt mat á mögulega sameiningu skóla með tilliti til áætlana um þróun nemendafjölda í bók- og starfsnámi á næstu árum.

## 4. Niðurstaða og tillögur verkefnisstjórnar

### Tillögur verkefnisstjórnar

**Byggt verði 24.000–30.000 m<sup>2</sup> skólahúsnæði fyrir 2.400–3.000 nemendur við Flensborgarhöfn**

Verkefnisstjórnin hefur rýnt skýrslur og samantektir Tækni-skólangs um fyrirhugaða nýbyggingu í Hafnarfirði. Rýnin leiddi fram breytingar sem tekið hefur verið tillit til í endurskoðaðri skýrslu EFLU og KPMG. Verkefnisstjórnin fékk ráðgjafa til að rýna gögnin og er skýrsla ráðgjafans í fylgiriti með útgefinni skýrslu EFLU og KPMG. Niðurstaða verkefnisstjórnar er að leggja til að áfram verði haldið með fyrirhugaða byggingu Tækni-skólangs í Hafnarfirði byggt á þessum gögnum. Unnið verði út frá því að byggður verði 24.000–30.000 m<sup>2</sup> skóli fyrir 2.400–3.000 ársnemendur með möguleika á stækkun í 50.000 fermetra.

#### **Skýrsla EFLU og KPMG verður lögð til grundvallar við verkefnið**

Skýrsla EFLU og KPMG um nýbyggingu Tækni-skólangs í Flensborgarhöfn byggir á eldri skýrslu frá 2019. Lögð hefur verið umtalsverð vinna í greiningu, kostnaðarmat og nánari greiningu á umferðarmálum tengt skólanum. Ný skýrsla EFLU og KPMG, „Tækni-skólinn í nýju húsnæði í Hafnarfirði útgáfa 1“, hefur verið lögð fram og verður lögð til grundvallar við verkefnið.

#### **Byggingin verður á vegum nýs félags Tækni-skólangs sem fjármagnar verkefnið**

Tækni-skólinn stofnar nýtt félag sem sér alfaríð um framkvæmdina. Félagið fjármagnar verkefnið með lánum og eigin fé sem kemur frá Hafnarfjarðarbæ og eigendum Tækni-skólangs. Félagið semur við lánaaðila um þátttöku í verkefninu.

#### **Gerð verði fýsileikakönnun á hagkvæmni þess að sameina Tækni-skólan og Flensborgarskóla**

Lagt er til að mennta- og barnamálaráðherra skipi sérstakan stýrihóp til að kanna fýsileika þess að sameina Tækni-skólan og Flensborgarskólan og rýna enn frekar frummat verkefnisstjórnar um mögulega sameiningu skólanna.

Stýrihópurinn skili af sér niðurstöðu fyrir lok apríl mánaðar. Samráð verði haft við fulltrúa beggja skólanna við gerð þessarar könnunar ásamt aðra hagaðila.

### Næstu skref í þróun verkefnisins

#### **Tækni-skólinn stofni félag um byggingu skólangs**

Lagt er upp með að Tækni-skólinn stofni nýtt félag sem mun standa að byggingu nýs skóla. Félagið verði rekið án hagnaðarsjónarmiða og uppfylli skilyrði sem félag til almannaheilla samkvæmt skattalögum. Þannig munu framlög frá einkaaðilum njóta skattaívilnunar.

Eignarhald byggingarinnar rennur til ríkis og Hafnarfjarðar þegar fjármögnun er að fullu greidd.

Þar sem félagið stendur að framkvæmdinni fellur byggingin ekki undir lög um framhaldsskóla hvað varðar fjármögnun byggingarinnar af hálfu ríkis og sveitarfélags.

### Ráðherra setji á fót verkefnahóp til að kanna fýsileika sameiningar

Verkefnishópur verði skipaður til að kanna fýsileika sameiningar Tækni-skólans og Flensborgarskóla.

### Tækni-skólinn hefur viðræður við stjórnvöld vegna samnings um verkefnið

Tækni-skólinn hefur viðræður við ríkið og Hafnarfjarðarbæ um samninga um verkefnið.

### Félagið gerir samninga við Hafnarfjarðarbæ vegna verkefnisins

Hafnarfjarðarbær leggur fram lóð við Flensborgarhöfn til skólans fyrir nýbygginguna eins og sjá má á myndum í skýrslu EFLU og KPMG ásamt fjárfram lagi sem til samans nemur 4,1 ma.kr. Félagið gengur frá samningi við Hafnarfjarðarbæ um þessi mál og aðrar forsendur þess að skólinn verði reistur við Flensborgarhöfn.

### Félagið hefji viðræður við mögulega lánveitendur um fjármögnun verkefnisins

Félagið ræðst í viðræður við mögulega lánveitendur um fjármögnun verkefnisins. Tækni-skólinn hefur þegar rætt við lífeyrissjóði sem sýnt hafa málínu mikinn áhuga en ræða þarf nánar hvernig staðið verður að lánamálum og tryggingum sem félagið getur sett fyrir láninu, en gert er ráð fyrir að leigugreiðslur frá ríkinu verði settar sem veð fyrir þeim.

Lánveitendur láni sem nemur 80% af stofnkostnaði verkefnisins. Lánveitendur eru lífeyrissjóðir og bankastofnanir. Rætt hefur verið við lífeyrissjóði sem hafa sýnt verkefninu áhuga.

Byggt á þessum forsendum er áætlað að leiga á nýju húsnæði skólans verði um 133 m.kr. á mánuði, sem jafngildir 3.768 kr./m<sup>2</sup>.

### Félagið semur við eigendur Tækni-skólans um eiginfjárframlög til verkefnisins

Eigendur Tækni-skólans hafa lýst vilja til að beita sér fyrir öflun eiginfjárframlaga til skólans sem nemi á bilinu 1-1,5 ma.kr. á verðlagi janúar 2023.

Eigið fé verður með þessu, auk lóðar og framlaga Hafnarfjarðar 5,4 ma.kr. eða 20% af stofnkostnaði.

Reykjavík, 20.03.2023

Undritun verkefnisstjórnar  
Íslandskonungs  
Háskóli Íslands  
Rannsóknar

B.S. Ólafur Þorvaldsson  
Gudmundur Ólafsson  
Stafnleikurinn við Kollegium  
Egill Jónasson

